

# *Fréttabréf*

samtaka um líknandi meðferð á Íslandi

---

1. tbl., 1. árgangur, okt. 1998.

Ábyrgð: Erna Haraldsdóttir og Svandís Íris Hálfðanardóttir



---

## *Kröftug fæðing*

Samtök um líknandi meðferð voru stofnuð þann 16. apríl s.l. Stofnfundinn sóttu milli 60 og 70 manns en stofnfélagar eru um 100. Fundurinn var hinn líflegasti og óhætt að segja að kröftuglega hafi verið farið af stað.

Þeir sem vilja gerast félagar sendi upplýsingar um nafn, kennitölu, starf og heimilisfang til samtakanna eða hafi samband við einhvern í stjórn.

Stjórnin stefnir að því að gefa út fréttabréf reglulega.

Þeim sem vilja koma á framfæri efni eða upplýsingum í fréttabréfið er bent á að hafa samband við einhvern í stjórn eða skrifa til samtakanna.

Stjórnarfundir samtakanna eru opnir öllum félagsmönnum og veita stjórnarmeðlimir upplýsingar um fundatíma.

## *Félagsfundur*

*Félagsfundur verður haldinn Fimmtudaginn  
19. nóvember kl: 20, í húsi Krabbameinsfélags  
Íslands 4. hæð.*

*Efni fundarins: Líknardeild í Kópavogi.*

*Valgerður Sigurðardóttir yfirlæknir og  
Þorbjörg Guðmundsdóttir hjúkrunardeildarstjóri  
kynna fyrirhugaða starfsemi líknardeildar.  
Eftir kynninguna verða umræður og léttar  
veitingar í boði.*

## ***Lög samtaka um líknandi meðferð á Íslandi.***

Meðfylgjandi þessu fréttabréfi eru lög samtakanna sem samþykkt voru á stofnfundinum 16. apríl s.l. Vakin er athygli á viðauka laganna, skilgreiningu á líknandi meðferð, sem stjórnin vann upp úr skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

## ***Á döfinni***

### ***Kvöldfundur með Sam Ahmedzai***

*Prófessor Sam Ahmedzai við líknardeild háskólans í Sheffield á Englandi er væntanlegur hingað til lands 14. desember n.k. Þá verður haldinn kvöldfundur um meðferð síþreytu og verkjameðferð hjá sjúklingum með illkynja sjúkdóma.*

*Nákvæm tímasetning og fundarstaður verður auglýstur síðar.*

### ***Verkjanámskeið á vegum Verkjafræðifélagsins***

*Norræna verkjafræðifélagið (Scandiavian Association for Study of Pain) heldur Aðalfund sinn í Reykjavík 22-25 apríl 1999.*

*Fundurinn hefst með dags námskeiði í þverfaglegri meðferð verkja hjá krabbameinssjúklingum*

*Skráning og dagskrá verður auglýst síðar.*

## Stjórn samtakanna

Á stofnfrndi samtakanna sem haldinn var í húsi  
Krabbameinsfélagsins þann 16. apríl síðastliðinn voru eftirfarandi  
kosnir í stjórn samtakanna:

Formaður: Erna Haraldsdóttir, hjúkrunarfræðingur í Líknarteymi  
Landspítalans og Heimahlynningu K.Í.

Varaformaður: Anna Rós Jóhannesdóttir, félagsráðgjafi á  
krabbameinslækningadeild Landspítala

Meðstjórnandi: Sigurður Árnason, krabbameinslæknir á  
Landspítala og Heimahlynningu K.Í.

Ritari: Ásdís Þórbjarnardóttir, hjúkrunarfræðingur hjá  
hjúkrunarþjónustunni Karitas

Gjaldkeri: Ingileif Malmberg, sjúkrahúsprestur á Landspítala

Varamenn: Sigrún Rúnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá  
Heimahlynningu Akureyrar og Svandís Íris Hálfánardóttir,  
hjúkrunarfræðingur á krabbameinslækningadeild Landspítala

Samtök um líknandi meðferð á Íslandi

Pósthólf 5420

125 Reykjavík

Bréfsími 562 1417